

RÝNI STJÓRNENDA



Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra
Rýni stjórnenda veturinn 2024-2025

Efnisyfirlit

Inngangur	2
1. Niðurstöður frá fyrri rýni stjórnenda	3
2. Niðurstöður innri úttekta	4
3. Endurgjöf frá viðskiptavinum og notendum	5
4. Frammistaða ferla, samræmi vöru, útskrift áfanga og útskrift námskeiða	7
5. Urbætur	8
6. Aðgerðir til að fylgja eftir fyrri rýni stjórnenda	9
7. Breytingar sem gætu haft áhrif á gæðastjórnunarkerfið	10
8. Tillögur um umbætur	11
9. Sóknarfæri	12
10. Aðgerðalisti	13

Inngangur

Í gæðakerfi skólans, sem hlotið hefur vottun á ISO9001;2015, fer fram rýni stjórnenda að loknu hverju skólaári. Kröfur staðalsins eru þær að rýni fari fram með fyrir fram ákveðnu millibili til að tryggja að gæðastjórnunarkerfið sé fullnægjandi og markvisst. Niðurstöður rýnnar skulu innihalda ákvarðanir og aðgerðir sem tengjast tækifærum til umbóta, hvers kyns þörf á breytingum á gæðastjórnunarkerfinu og þörfum varðandi auðlindir.

Skólaveturinn 2024-2025 var um margt öðruvísi en áður en vegna forfalla gæðastjóra var gæðakerfi skólans, þar með talið innri rýni þess, ekki í fullri virkni á vorönn 2025.


Rýni stjórnenda var unnin af gæðastjóra í júní 2016 fyrir utan þær upplýsingar sem sækja þurfti til annarra verkefnastjóra. Skýrslan var lögð fyrir á fundi gæðaráðs mánudaginn 8. desember 2025. Mættir voru Hafdís Einarsdóttir gæðastjóri, Selma Barðdal skólameistari, Laufey Leifsdóttir aðstoðarskólameistari og Grétar Karlsson og Margrét Helga Hallsdóttir sem sitja í áfangastjórategymi skólans.

Í skýrslu fundarins er farið yfir helstu atriði í hverjum kafla og aðgerðir ákvarðaðar. Þessar aðgerðir eru teknar saman á aðgerðalista í lok þessarar fundargerðar. Skýrslan er vistuð á sameiginlegu drifi starfsfólks, á viðeigandi lykil í málalyklinum GoPro og loks birt á heimasíðu skólans.

1. Niðurstöður frá fyrri rýni stjórnenda

Rýni stjórnenda fyrir skólaárið 2023-2024 var framkvæmd að hausti 2024. Niðurstöður hennar sýndu þörf á að vinna að eftirfarandi úrbótum:

- Halda áfram með innri úttektir samkvæmt plani
- Birta rekstrarhandbók á heimasíðu
- Tryggja útgefin skjöl
- Öll skjöl sem fjalla um skjöl og skrár þarf að lesa yfir og laga
- Halda gæðakerfinu virku áfram og efla enn frekar
- Tryggja að úrbætur úr úrbótaáætlun vinnuumhverfisvísis Vinnueftirlitsins séu fullunnar
- Tryggja að úrbætur úr úrbótaáætlun heimasíðu séu fullunnar
- Vista þarf verkefnalista starfsfólks í GoPro
- Vinna starfslýsingar
- Klára að endurvinna lýsingu á stoðkerfi skólans
- Fylgja eftir vinnu um endurmenntun starfsfólks og bætta vinnuaðstöðu
- Vinna að hlutverkum og skipun nefnda og ráða
- Uppfæra sjálfsmatsáætlun skólans og setja inn fleiri kannanir sem hafa dottið upp fyrir undanfarin ár
- Innleiða starfsþróunaráætlun skólans og starfsfólks
- Klára siðareglur FNV



Á haustönn 2024 var unnin innri úttekt í skólanum. Þau skjöl sem voru rýnd litu að hinum ýmsu þáttum hjá starfsfólki og deildarstjórum. Má meðal annars nefna starfsmannasamtöl, skjölun og umsjón fasteigna. Meðal frávika sem komu fram voru skjöl sem ekki er stuðst við í framkvæmd, að verklagi sé ekki fylgt alveg eftir og að vanti handbók fyrir nýtt starfsfólk. Ekki var lokið við frávika- og úrbótaskýrslu að lokinni úttekt en þessi frávik fara inn í vinnu gæðastjóra þetta haustið.

- Skoða handbók fyrir nýtt starfsfólk
- Rýni deildarstjóra á námsmatsþáttum

3. Endurgjöf frá viðskiptavinum og notendum

Verkefnastjóri innra mats sér um framkvæmd og úrvinnslu kannana og kynnir helstu niðurstöður á starfsmannafundum/kennarafundum og í sjálfsmatsskýrslu skólaársins. Gæðaráð setur svo fram úrbótaáætlun í samráði við starfsfólk.

Lagðar eru fyrir kannanir samkvæmt matsáætlun og skoðuð fyrirbyggjandi gögn, s.s. niðurstöður *Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar*, tölur frá Hagstofu Íslands, tölur úr upplýsingakerfi Innu og kannanir Sameykis. Aðrar kannanir er lagðar fyrir ef og þegar tilefni þykir til.

Áfangakönnun á haustönn 2024 fór fram á tímabilinu 28. nóvember til 16. desember.

Styrkleika er að finna í að nemendur telja sig bera ábyrgð á eigin námi, kennara hvetja nemendur til sjálfstæðra vinnubragða og hlusta á spurningar nemenda og bregðast vel við þeim.

Helstu veikleikana má finna í að nemendur telja Moodle-síðu ekki gagnlega, kennara ekki beita fjölbreyttum kennsluaðferðum og tímana í áfanganum ekki vera áhugaverða. Þá telja nemendur í mörgum hópum sig ekki fá tækifæri til að vinna með öðrum og kennslugögn ekki vera góð.

Gæðamarkmiði um að 80% nemenda í 80% hópa séu mjög sammála eða frekar sammála því að áfanginn sé góður er náð.

Áfangakönnun á vorönn 2025 fór fram á tímabilinu 30. apríl til 21. maí.

Styrkleika er að finna í að nemendur telja kennara útskýra efnið vel í tímum, hlusta á spurningar nemenda og bregðast vel við þeim og hvetja sig til sjálfstæðra vinnubragða. Þá telja nemendur sig bera ábyrgð á eigin námi og taka virkan þátt í kennslustundum.

Helstu veikleikana má finna í að nemendur telja tímana í áfangunum ekki vera áhugaverða, kennara ekki beita fjölbreyttum kennsluaðferðum, telja sig ekki fá leiðbeinandi mat um stöðu sína, Moodle-síðu ekki vera gagnlega og kennslugögn ekki vera góð.

Gæðamarkmiði um að 80% nemenda í 80% hópa séu mjög sammála eða frekar sammála því að áfanginn sé góður er ekki náð (65,1%).

Fjöldi svarenda sem ekki tóku afstöðu til spurningar („Hvorki sammála né ósammála“) var allt upp í 22% þegar horft er á heildina og allt upp í 100% innan hóps og því kannski óvarlegt að lesa of mikið í hlutfall þeirra sem voru frekar eða mjög sammála.

Sameyki – Stofnun ársins 2024

Starfsmannakönnun Sameykis var lögð fyrir á haustönn 2024 af Gallup.

Styrkleika er að finna í að starfsfólki finnst það hafa sveigjanleika í vinnu, finnur fyrir ánægju og stolti og telur jafnréttis gætt.

Veikleika er að finna í að ánægja með stjórnun og ímynd skólans minnkar og færri telja næsta yfirmann bæta starfsaðstæður þegar þarf.

Gæðamarkmiði um að starfsánægja starfsfólks sé að minnsta kosti fjórir af fimm mögulegum að meðaltali er náð (4,46).

Skólapúlsinn var lagður fyrir á vorönn 2025 á tímabilinu 31. mars og lauk 5. maí. Svarhlutfall var 75,5%.

Helstu styrkleikar eru að nemendur skólans upplifa meiri hamingju og minna svefnleysi en nemendur í öðrum skólum.

Helstu veikleikar eru að nemendur skólans upplifa minna jafnrétti innan skólans en nemendur annarra skóla, hafa minna sjálfsálit, eru þunglyndari og hafa verra vinnulag en nemendur í öðrum skólum. Í öllum þessum þáttum er marktækur munur á niðurstöðum skólans og landsmeðaltali. Þá er mikil aukning á kvíða meðal nemenda skólans.

Sjálfsmatsnefnd skólans fékk niðurstöður kannananna í upphafi desember og var ákveðið að vinna úr þeim á nýju ári í samstarfi við starfsfólks skólans. Umbótatillögur og úrvinnsla verður skráð í fundargerðir gæðaráðs.

4. Frammistaða ferla, samræmi vöru, útskrift áfanga og útskrift námskeiða

Endurskoðun skjala í gæðahandbókinni hélt áfram á skólaárinu 2023-2024. Gæðaráð fundaði alls fimm sinnum á haustönninni en allir fundir féllu niður á vorönn vegna fyrrgreindra veikinda.

Í upphafi annar fôr gæðastjóri og gæðaráð yfir þau atriði sem tekin eru fram í Verkefnalista gæðastjóra og gæðaráðs, GÁT-999, og vinna þarf að í upphafi annar.

Ein af stærri breytingum í gæðakerfinu og vinnu gæðastjóra var samþykkt og uppsetning á skjalakerfi í GoPro. Gæðastjóra var þannig gefið tæki til að gefa út skjölin samkvæmt gæðastaðli. Sú vinna hófst í lok vorannar.

Vinna hófst við að breyta verklagi um innra mat skólans. Sú vinna kláraðist ekki og þarf að halda áfram þennan vetur.

Í dagskóla á haustönn 2024 stóðust 85% áfanga af þeim sem hófu nám en 15% ekki. Í fjarnámi stóðust 71% áfanga af þeim sem hófu nám en 29% ekki.

Í dagskóla á vorönn 2025 stóðust 89% áfanga af þeim sem hófu nám en 11% ekki. Í fjarnámi stóðust 71% áfanga af þeim sem hófu nám en 29% ekki.

5. Úrbætur

Helstu úrbætur skólaársins voru eftirfarandi:

- Farið yfir hagaðilagreiningu
- Gæðastefna uppfærð
- VKL-106 uppfært m.t.t. eftirfylgni við GÁT-021
- GoPro innleitt meðal starfsfólks skrifstofu með námskeiði
- Útlitsbreytingar á GÁT-021

6. Aðgerðir til að fylgja eftir fyrri rýni stjórnenda

Hér að neðan má sjá aðgerðir sem við framkvæmdum í kjölfarið á fyrri rýni stjórnenda. Helstu atriðin eru þessi:

- Unnið að útfærslu á verkferli fyrir skjala- og skráastýringu, VKL-104
- Kostir og gallar pósthólfa gæðastjóra og einstakra starfa skoðuð
- Hafin vinna við að gefa gæðaskjöl formlega út
- Úrbótatillögur frá vinnu við Vinnuumhverfisvísi Vinnueftirlitsins fylgt eftir
- Verkefnalistar starfsfólks vistaðir í GoPro
- Siðareglur starfsfólks FNV unnar

Þau atriði sem ekki tókst að fylgja eftir og þurfa að fara á listann aftur í þessari rýni eru:

- Lýsing á stoðkerfi skólans
- Sjálfsmatsáætlun skólans og að bæta við könnunum
- Starfslýsingar
- Formið á sjálfsmati skólans og innra mati

7. Breytingar sem gætu haft áhrif á gæðastjórnunarkerfið

Ýmsir þættir hafa áhrif á starf skólans, námsframboð hans og áherslur. Þar má nefna námskrár sem menntamálayfirvöld samþykkja eftir tillögum skólans. Þar koma einnig inn samfélagslegir þættir svo sem eftirspurn nemenda og atvinnulífs eftir námi á ákveðnum námsbrautum, breytingar á atvinnulífi, árgangastærðir upp úr grunnskóla og aðrir ytri þættir.

Í sumar urðu miklar breytingar á stjórnun skólans þar sem nýir stjórnendur tóku við og áfangastjórategymi var sett á fót. Slík mannaskipti fela í sér tækifæri til breytinga.

Viðbygging á verknámshúsi skólans er á teikniborðinu og má telja líkur á að slík viðbót muni efla skólastarf til framtíðar en jafnframt getur það verið takmarkandi meðan á framkvæmdum stendur.

8. Tillögur um umbætur

Skólaárið 2025-2026 liggja fyrir nokkur atriði sem vinna þarf í. Meðal þeirra eru að:

- Leggja niðurstöður innra mats fyrir starfsfólk og/eða kennara sem leggja fram úrbótatillögur
- Vinna úr niðurstöðum Sameykis
- Heildræn endurskipulagning sjálfsmats og innra mats
- Innleiða GoPro skjalakerfið að fullu
- Klára að gefa út öll skjöl í gæðakerfinu
- Gefa út handbók fyrir starfsfólk
- Bregðast við frávikum í Skólapúlsinum
- Vinna starfslýsingar
- Endurvinnna heildarlýsingu á stoðkerfi skólans
- Ljúka innleiðingu á starfsþróunaráætlun
- Vinna að umbótum á vinnuaðstöðu starfsfólks

9. Sóknarfæri

Sóknarfæri skólans felast meðal annars í nýrri stjórnendaskipan, aukinni áherslu á gæðastarf og innleiðingu GoPro sem skjalakerfis. Tækifæri eru til að styrkja enn frekar tengsl sjálfsmats, innra mats og innri úttekta þannig að umbótastarf verði markvissara og samfelldara.

Innleiðing starfsþróunaráætlunar, endurbætur á kennsluháttum og aukin áhersla á vellíðan nemenda skapa skól-anum möguleika á að bæta námsárangur, starfsánægju og ímynd skólans. Vætanlegar framkvæmdir við verknámshús fela jafnframt í sér tækifæri til eflingar verknáms til framtíðar, þrátt fyrir tímabundnar áskoranir meðan á framkvæmdum standur.



10. Aðgerðalisti

Númer á einstökum efnisatriðum hér að neðan vísa á sama kaflanúmer í Skýrslu fyrir rýni stjórnenda fyrir veturinn 2023-2024.

AÐGERÐALISTI VEGNA RÝNI STJÓRNENDA vor 2024			
Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
2	Innri úttektir		
	Ljúka útgáfu og yfirferð allra gæðaskjala í GoPro	Gæðastjóri	Maí 26
	Fullvinna og innleiða handbók fyrir nýtt starfsfólk	Gæðastjóri	Des 25
	Sameina sjálfsmat, innra mat og innri úttektir í eitt ferli	Gæðastjóri	Maí 26
	Skilgreina og skrá verkferla um upplýsingaflæði	????	
3	Endurgjöf frá viðskiptavinum og notendum		
	Vinna að úrbótum með starfsfólki og/eða kennurum	Stjórnendur	Jan 26
	Vinna úr frávikum í Skólapúlsi	Gæðaráð	Maí 26
4	Frammistaða ferla, samræmi vöru, útskrift áfanga og námskeiða		
	Tryggja betra flæði gæðastarfs en á síðasta starfsári	Gæðastjóri og stjórnendur	Maí 26
5	Staða úrbóta		
	Farið yfir hagaðilagreiningu		
	Gæðastefna uppfærð		
	VKL-106 uppfært m.t.t. eftirfylgni við GÁT-021		
	GoPro innleitt meðal starfsfólks skrifstofu með námskeiði		
	Útlitsbreytingar á GÁT-021		
6	Aðgerðir til að fylgja eftir fyrri rýni stjórnenda		
	Vinna starfslýsingar	Skólameistarar	Haust 26
	Endurvinnna lýsingu á stoðkerfi	Stjórnendur	Haust 26
7	Breytingar sem gætu haft áhrif á gæðastjórnunarkerfið (þ.m.t. gæðastefna og markmið)		
	Breytingar í stjórnun		
	Viðbygging við verknámshús		
8	Tillögur um umbætur		

	Endurskoða og uppfæra heildarlýsingu á stoðkerfi skólans Sameina sjálfsmat, innra mat og innri úttektir í eitt samræmt ferli		
	Setja aðgerðaáætlun vegna kvíða, líðanar og jafnréttis nemenda		
	Ljúka innleiðingu starfsþróunaráætlunar starfsfólks		
	Vinna áfram að umbótum á vinnuaðstöðu starfsfólks		
	Skilgreina og skrá verkferla um upplýsingaflæði innan skólans		
9	Sóknarfæri		
	Breytingar í stjórnun		
	Viðbygging við verknámshús		
	Gæðaviðmið fyrir framhaldsskóla		

Ef starfsmaður sér tækifæri til umbóta á skólastarfsemi eða nauðsyn á forvörnum lætur hann gæðastjóra vita með tölvupósti